

Lög

um

Nr. 18.

2. júní.

breyting á lögum nr. 40, 2. nóvember 1914, um heimild fyrir landsstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir hönd landssjóðs skipaveðlán h.f. „Eimskipafjelag Íslands“.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Greinin orðist svo.

Landsstjórninni veitist heimild til þess að ábyrgjast greiðslu á $\frac{1}{4}$ hluta veðláns, að upphæð alt að 600,000 kr., sem h.f. Eimskipafjelag Íslands tekur í erlendum eða innlendum banka eða bönkum, með fyrsta veðrjetti í tveim skipum, sem landsstjórnin og bankinn eða bankarnir taka gild sem veð. Lánið endurborgist á eigi lengri tíma en 12 árum, með jöfnum árlegum afborgunum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 2. júní 1917.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.